

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Zoom fundur – Fundur #3 starfsárið 2021-22

Dagsetning: 09.09.2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar: Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Eydís Rós Eyglóardóttir (ERE), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Hringurinn tekinn stutt 12:05-12:10
3. Verkefni stjórnar kynnt 12:10 – 12:30 - stjórnarfundir
4. Önnur mál

Formaður stjórnar, Sigríður Hrund, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum Elísabetar Taníu Smáradóttir

1. Dagskrá stjórnarfundar

Sigríður Hrund fór yfir dagskrá fundarins.

2. Hringurinn tekinn stutt

Stjórnarkonur fóru yfir stöðu hjá sér stuttlega og upplifun af opunarviðburði stjórnar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir fjármál félagsins sem eru góð sem og það sem fram undan er í félags- og markaðsstarfi. Almennu eru horfur góðar bæði í fjármálum og félagatali en félagsstarf mun ávallt taka mið af gildandi sóttvarnarreglum stjórnvalda hverju sinni. Fjármál félagsins standa vel og gott er að fá greiðslur félagskvenna dreift yfir félagsárið, eftir því hvenær ársins þær skráðu sig í félagið, til að jafna tekjustreymi.

4. Sýnileiki

Katrín Kristjana Hjartardóttir mun taka að sér að stýra Instagram reikningi félagsins, viðburðir félagsins verða kynntir á heimasíðu, með markpósti og jafnt á opinni sem lokaðri FB síðu félagsins.

5. Yfirferð yfir verkefni stjórnar

Farið var yfir helstu verkefni stjórnar sem fram undan eru:

- Heitt verður á könnunni í Borgartúni fyrsta miðvikudag í mánuði frá 6/10/21
- Jafnvægisvog er í góðum höndum KKH með Thelmu Kvaran sem verkefnastýru
- Finna þarf dagsetningu fyrir FKA viðurkenningarhátíð í janúar. Umsjón er í höndum UEA og ERR.
- Fjölmíðlaverkefni – velja þarf dagsetningu og ræða útfærslu á verkefninu 2022. Umsjón er í höndum ERE og SHP.

- Sýnileikadagur 2022 – velja þarf dagsetningu, skipa nefnd og finna samstarfsaðila. Umsjón er í höndum VJ, KKH og ETS.
- Samstarf við VR – er í umsjá UEA.
- Fundir með nefndum og deildum eru í fullum gangi. Umsjón AR og SHP.
- Nýliðamóttaka – í höndum fræðslunefndar og AR.
- Spurningalisti Utanríkisráðuneytis um þátttöku kvenna í alþjóðaviðskiptum. Umsjón AR og SHP.

Farið var yfir viðburði sem liðnir voru - opnunarviðburður stjórnar FKA gekk afar vel og var góð mæting af hálfu félagskvenna, hádegi með stjórn og hittingur Hlaupadrottninga voru einnig vel sóttir og farsælir viðburðir.

FKA skilaði inn álitum í samráðsgátt stjórnvalda vegna níundu skýrslu Íslands um framkvæmd Kvennasamningsins. Leitað var álits hjá öllum deildum félagsins og ein ábending barst sem var send inn fyrir hönd FKA.

6. Önnur mál

Samþykkt var samhljóða að áframhaldandi afsláttur væri til fyrirtækja í eigu félagskvenna.

Samþykkt var samhljóða að Sóleyjar hlytu sömu afsláttarkjör og áður í félagsgjöldum.

Rædd voru lög félagsins og umsóknir um félagsaðild frá konum sem voru utan atvinnu. Málið verður unnið áfram og tekið upp aftur.

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl 13:30